

J1 - Tillaga um að laun borgar- og 1. varaborgarfulltrúa taki ekki hækkunum árið 2023

Grunnlaun borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa miða við þróun launavísitölu frá marsmánuði 2013 og uppfærast í janúar og júlí ár hvert. Í ljósi efnahagsstöðunnar er lagt er til að launin taki ekki hækkunum árið 2023. Sparnaðurinn fyrir árið 2023 er áætlaður 29 m.kr.

Greinargerð:

Til þess að hagræða í rekstri borgarinnar og draga úr óréttlætinu sem felst í ofurlaunum borgarfulltrúa borgarinnar leggja Sósíalistar til að þau verði fryst árið 2023. Borgarfulltrúar þurfa ekki þessa hækkun. Fénu er betur varið í þeim málaflokkum sem borgin verður að sinna. Með þessu sýna borgarfulltrúar ábyrgð í verki. Grunnlaun borgarfulltrúa hafa hækkað um 175.000 krónur á síðustu tveimur og hálfu ári og eru nú 948.481krónur. Ofan á þau leggjast oft sérstakar álagsgreiðslur sem nema hundruðum þúsunda. Enginn borgarfulltrúi er þ.a.l. með laun undir 1.185.601 krónum á mánuði. Þessi þróun er langt frá því að vera eðlileg. Launafólk leyfir sér ekki að dreyma um slíkar hækkanir, hvað þá fá þær á svo skömmum tíma. Ef það er þörf á niðurskurði í borginni verðum við að byrja á að klippa af toppnum, en ekki grunnþjónustu.

J2 - Tillaga um áskorun á ríkið vegna útsvars á fjármagnstekjur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skora á ríkið um að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt áform um að þeim sem hafa eingöngu fjármagnstekjur verði gert að greiða útsvar til sveitarfélaga. Reykjavíkurborg skorar hér með á ríkið að tryggja að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur líkt og á við um launatekjur að teknu tilliti til núgildandi frítekjumarka. Stór hluti tekjuhæstu landsmanna fær greiddar einhverjar launatekjur og myndi að öllu óbreyttu komast hjá því að greiða útsvar af fjármagnstekjum til sveitarfélagsins gangi núverandi áætlanir ríkisstjórnar eftir. Árið 2021 má sjá að flestir innan tekjuhæsta eina prósentans eru skráðir til heimilis í Reykjavík. Ef útsvar hefði verið lagt á fjármagnstekjur má áætla að um 9 milljarðar hefðu farið til borgarinnar árið 2021. Þetta er að teknu tilliti til 300.000 króna frítekjumarks. Áætlað er að greiðslur til Reykjavíkurborgar vegna útsvars á fjármagnstekjur geti numið í kringum 10 milljarða árið 2023, þar af eru 8 milljarðar vegna tekjuhæstu tíundarinnar. Áætlað er að heildarfjármagnstekjur tekjuhæstu tíundarinnar innan Reykjavík nemi um 54 milljarða króna árið 2023.

J3 - Tillaga um hækkun fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð borgarinnar er veitt þeim sem ekki geta séð sér farborða án aðstoðar og er ekki veitt nema að allar aðrar leiðir hafi verið kannaðar til hlítar. Fjárhagsaðstoð til framfærslu er því síðasta úrræðið sem stendur manneskjum til boða og er oft hugsuð sem öryggisnet til skemmri tíma en sumir þurfa að lifa á þessari upphæð til lengri tíma. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðarinnar nemur allt að 217.799 krónum á mánuði fyrir manneskju sem rekur eigið heimili en upphæðin fer lækkandi ef slíkt á ekki við. Upphæðir fjárhagsaðstoðarinnar eru því ekki til þess fallnar að bæta viðkvæma stöðu þeirra sem framfleyta sér á henni. Því er lagt til að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði bundin við upphæð lágmarkstekna fyrir fullt starf, sem verkalýðsfélögin hafa sett við 368.000 krónur á mánuði frá og með 1. janúar 2022. Kostnaðarauki tillögunnar sé tekið mið af fjölskyldugerð og búsetuformi þess hóps sem fékk fjárhagsaðstoð í ágúst 2022 og áætlaðrar fjölgunar á komandi ári, nemur á mánuði um 196 m.kr. eða um 2.360 m.kr. (2,3 milljarðar) á ári. Einnig er lagt til að fjárhagsaðstoðin þróist í takt við hækkun lágmarkstekna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af handbæru fé.

Greinargerð:

Fjárhagsaðstoð til framfærslu er oft hugsuð sem öryggisnet til skemmri tíma en vegna aðstæðna sinna þurfa sumir að lifa á þessari upphæð til lengri tíma og mikilvægt er að upphæðin sé til þess fallin að manneskjur og fjölskyldur búi aldrei við skort eða fátækt. Upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu er allt að 217.799 kr. á mánuði fyrir

manneskju sem rekur eigið heimili. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning um húsnæðið. Upphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu er lægri ef slíkt á ekki við. Upphæðirnar til framfærslu eru því langt frá því að duga til að lifa mannsæmandi lífi og auka líkur á því að viðkomandi festist í fátæktargildru. Þeir sem lifa á fjárhagsaðstoð gera slíkt ekki nema að þörf sé á og sveitarfélögunum ber lagaleg skylda til að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Það ættu að vera sjálfsgöð réttindi að sú upphæð sem fólki er réttur til að lifa út ákveðið tímabil sé til þess fallin að duga fyrir helstu nauðsynjum en erfitt er að sjá fyrir sér hvernig ætlast sé til þess að lifa sómasamlega á umræddri upphæð. Gert er ráð fyrir að vaxtabætur, húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur hjálpi til við að greiða húsnæðiskostnað en það er stuðningur sem manneskjur á lágmarkslaunum fá einnig en slíkt dugar samt sem áður oft ekki til að láta enda ná saman.

Enginn velur sér að búa við skort eða upplifa fátækt og nauðsynlegt er að framkvæmd fjárhagsaðstoðarinnar endurspegli ekki svokallaða ölmusumenningu sem viðheldur fátækt í stað þess að vinna gegn aðstæðum sem skapa hana. Það að ætlast til þess að fólk lifi af skammarlega lágri upphæð fjárhagsaðstoðarinnar er ekki það sem manneskjur í þeirri viðkvæmu stöðu þurfa á að halda. Í þessu samhengi er mikilvægt að vinna gegn neikvæðum viðhorfum þess efnis að fjárhagsaðstoð letji fólk til atvinnuþátttöku og því megi ekki hækka upphæðina um of svo að hún verði ekki talin fýsilegur kostur fram yfir atvinnuþátttöku. Framkvæmd fjárhagsaðstoðarinnar á að miða að því að mæta þörfum hinna verst settu í samfélaginu okkar og ekki ber að refsa fólk fyrir að vera ófært um að sjá fyrir sér, með lágum upphæðum sem duga vart til framfærslu. Það að vera í þeirri stöðu að geta ekki séð fyrir sér nema með aðstoð er ekki viðkomandi einstaklingi að kenna og því er nauðsynlegt að vinna gegn hugmyndum þess efnis að hækkan fjárhagsaðstoðar leiði til minni virkni. Þar að auki er fjárhagsaðstoð nú þegar veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði velferðarsviðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar.

J4 - Tillaga um desemberuppbót til allra á fjárhagsaðstoð

Lagt er til að allir sem fá nú fjárhagsaðstoð fái desemberuppbót. Hingað til hefur það einungis náð til þeirra sem hafa fengið fulla fjárhagsaðstoð undangengna þrjá mánuði samfellt. Desemberuppbótin er núna 25% af grunnfjárhæð. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru um 20 m.kr. og er lagt til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um sömu fjárhæð. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

J5 - Tillaga um að senda rukkun á ríkið vegna greiðslu NPA samninga

34 manneskjur eru með samþykktar umsóknir um nýja samninga um notendastýrða persónulega aðstoð en eru á biðlista hjá borginni. Þar að auki eiga 4 manneskjur samþykktar umsóknir um hækkanir á samningum sínum um notendastýrða persónulega aðstoð vegna aukinna stuðningsparfa. Þetta kemur fram í minnisblaði velferðarsviðs sem lagt var fyrir velferðarráð 21. september 2022. Lagt er til að Reykjavíkurborg leggi út fyrir kostnaði á þeirri þjónustu svo að manneskjurnar þurfi ekki að bíða til lengdar eftir réttindum og að borgin sendi svo rukkun á ríkið fyrir kostnaðarhlutdeild þeirra. Kostnaður vegna 34 NPA samninga sem eru á bið er metinn um 1.289 m.kr. miðað við kjarasamninga ársins 2022. Vegna kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, verði miðað við mótframlag frá ríki sem er 25% líkt og fjallað er um í 15. gr. reglugerðar 1250/2018. Yrði þá mótframlag ríkis 322 m.kr. Kostnaðarforsendur biðlista taka mið af kjarasamningum 2022.

Greinargerð:

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, sem kom út í apríl 2022 var lagt til að innleiðingartímabil NPA verði framlengt um tvö til þrjú ár, þannig að fyrirkomulag skv. ákvæði til bráðabirgða I nái til ársanna 2023 og 2024 og mögulega einnig ársins 2025. Óvissa ríkir varðandi framtíðarfyrirkomulag NPA og þátttöku ríkisins en nauðsynlegt er að tryggja að þau sem eigi rétt á þjónustunni fái hana. Í minnisblöðum velferðarsviðs má sjá nýjustu upplýsingar um þróun mála. Sjá hér

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Minnisbla%C3%B0%20um%20NPA_VEL22090112.pdf og hér https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Tillaga_VEL22110264.pdf.

Í reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð er fjalað um fjárhagslega framkvæmd NPA. Þar kemur fram að kostnaður vegna heildarvinnutímabundna, sem fram kemur í einstaklingssamningi um NPA, skal skiptast á milli sveitarfélags og ríkisins. Sveitarfélag metur, í samráði við notanda, kostnað vegna vinnuframlags aðstoðarfólks við aðstoðarverkstjórn. Þessi kostnaður skal vera sérstaklega skilgreindur og leggjast við þann heildarkostnað sem fyrr hefur verið reiknaður og skiptist milli sveitarfélags (75%) og ríkis (25%).

Notendastýrð persónuleg aðstoð er réttindi sem manneskjur eiga ekki að þurfa að bíða eftir til lengdar. Það á ekki að bitna á íbúum að ólík stjórnsýslustig séu að rökræða sín á milli um fjármögnun á þjónustu. Íbúinn á rétt á þjónustunni og það á ekki að fara eftir því hversu mikið fjármagn ríkið hefur sett í málaflokkinn. Hér er um réttindi að ræða. Reykjavíkurborg samþykkir því að veita þessa þjónustu til allra þeirra sem eiga rétt á henni innan borgarinnar og innheimta síðan ríkið fyrir kostnaðinum sem það bera að greiða vegna NPA samninga. Hér er gert ráð fyrir þeirri kostnaðarskiptingu sem hefur verið á milli ríkis og sveitarfélaga.

J6 - Tillaga um að Félagsbústaðir byggi a.m.k. 3.000 íbúðir

Lagt er til að Félagsbústaðir byggi a.m.k. þrjú þúsund íbúðir sem allra fyrst. Eigið fé Félagsbústaða var 67,3 milljarðar króna um síðustu áramót og fer vaxandi. Það var meira en 53% af eignum félagsins í lok árs 2021, 29,4 milljörðum meira en nauðsynlegt má telja. Fasteignafélög á markaði, Reitir, Reginn og Eik, eru með um 30% eiginfjárlutfall. Eigið fé Félagsbústaða umfram þessi mörk gæti staðið undir byggingum íbúða fyrir hátt í 100 milljarða króna. Með því afli væri hægt að byggja 3.000 íbúðir. Skuldabréfaútböð Félagsbústaða hafa gengið vel, félagið nýtur ábyrgðar borgarsjóðs og er einnig með frábær veð. Ýmsar aðrar fjármögnunarleiðir eru Félagsbústöðum opnar. Í 5 ára fjárhagsáætlun Félagsbústaða til 2027 er nú þegar reiknað með fjárfestingum í húsnæði. Það væri hagræði að sleppa milliliðnum og byggja sjálf sérstaklega þegar staðan er eins og hún er í byggingageiranum og á húsnæðismarkaði því þá er verið að auka við húsakostinn á kostnaðarverði í stað markaðsvirðis sem er í hæstu hæðum. Með tilliti til þess að eigið fé Félagsbústaða liggur að langmestu leyti í fasteignum, sem eru einhverjar öruggustu ávöxtunarleiðir fyrir fjármagn, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að auka langtímalántökur.

Greinargerð:

Mikill fjöldi fjölskyldna og einstaklinga eru föst á óreglunæddum leigumarkaði og greiðir þar alltof háa húsaleigu sem þrýstir þeim niður í fátækt. Biðlistar eftir íbúðum Félagsbústaða segja aðeins hálfu söguna, og varla það. Skilyrði til að fá íbúð hjá Félagsbústöðum eru mjög ströng. Það er ekki nóg að fólk sé fátækt, heldur þarf það að hafa orðið fyrir áföllum, vera veikt eða standa að öðru leyti illa umfram það að vera með lágar tekjur og þurfa að borga óheyrilega háa húsaleigu.

Borgaryfirvöld hafa óttast að hröð uppbygging félagslegs húsnæðis geti valdið því að félagsleg blöndun í hverfum verði ekki næg, að of margir fátækir búi á of litlu svæði. Þetta viðhorf einkennist af fátækraandúð. Borgaryfirvöld hafa engar áhyggjur af ónógri félagslegri blöndun í auðmannablokkunum við Skúlagötu. Með því að fjölga almennum íbúðum innan Félagsbústaða úr rúmum tvö þúsund í rúm fimm þúsund munu skilyrði fyrir því að fá íbúð lækka og íbúarnir verða sjálfkrafa blandaðri, koma úr ólíkari hópum. Það þarf að gera stóratök til að tryggja félagslega blöndun í hverfum borgarinnar. Það er til dæmis alltof lítið af félagslegu húsnæði á Melunum og Högunum, í Fossvoginum, í Laugarásnum og víðar. Með því að byggja 3.000 nýjar íbúðir víða um borgina, en einkum þar sem fáar slíkar íbúðir eru fyrir, má tryggja betri félagslega blöndun í borginni, gera hverfi hennar fjölbreyttari og lýðræðislegri.

Reykjavíkurborg ætti sömuleiðis að beita sér fyrir því að lán vegna almennra íbúða megi vera til lengri tíma en 50 ára, en núgildandi lög hafa slíka takmörkun. Borgin á

lóðir og á Félagsbústaði sem hafa fjárhagslegt bolmagn til húsbýgginga. Því er lagt til að farið verði í uppbyggingu a.m.k. 3.000 nýrra íbúða.

J7 - Tillaga um að afnema vísitölutengingu hjá leigu Félagsbústaða

Lagt er til að húsaleiga hjá leigjendum Félagsbústaða verði aftengd vísitölu og taki þannig ekki mánaðarlegum hækkunum. Þetta er gert í ljósi þess að leigjendur Félagsbústaða búa við erfiða fjárhagslega stöðu og eiga margir hverjir erfitt með að mæta hækkandi leigu þegar tekjur hækka ekki á móti. Í því samhengi er mikilvægt að taka fram að stærsti hluti leigjenda eru öryrkjar sem búa við erfiða fjárhagsstöðu. Tekjur þeirra taka ekki hækkunum í takt við þróun vísitölu og það gera sérstakar húsnæðisbætur ekki heldur. Það þarf því að afnema vísitölutengingu við þróun leiguverðs þar sem efnahagsstaða leigjenda gerir þeim ekki kleift að standa undir slíkum hækkunum. Þar sem tekjur leigjenda eru að jafnaði ekki vísitölutengdar, ætti húsnæðiskostnaðurinn ekki að vera það, í því er fólgið mikið óréttlæti. Kostnaðaráhrif tillögunnar fela í sér tekjutap upp á 196 m.kr. vegna 2023. Lagt er til að borgarsjóður bæti Félagsbústöðum tekjutapið.

J8 - Tillaga um að gera allt skólastarf á vegum borgarinnar gjaldfrjálst með öllu, þ.m.t. frístundaheimilin og máltíðir

Lagt er til að gera öll skólastig á vegum borgarinnar gjaldfrjáls með öllu. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru eftirfarandi; tekjur skóla- og frístundasviðs lækka um samtals 3.451 m.kr. að teknu tilliti til þeirra afslátta sem eru veittir. Þá aukast útgjöld samtals sem nemur 1.192 m.kr., annars vegar um 287 m.kr. vegna áætlaðrar fjölgunar í skólamat í grunnskólum og aukinnar aðsóknar í frístund, hins vegar er gert ráð fyrir að útgjöld til sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla aukist um 905 m.kr. vegna skóla- og leikskólagjalda sem foreldrar greiða til sjálfstætt starfandi stofnana. Nettóáhrifin nema því samtals 4.643 m.kr og skiptast sem hér segir milli þjónustubátta; leikskólar 2.059 m.kr., grunnskólar 1.513 m.kr. og frístund 1.072 m.kr. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 4.643 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af handbæru fé. Samhliða þessu er lagt til að breytingar verði gerðar á reglum varðandi sjálfstætt rekna leikskóla þannig að þeim verði ekki kleift að greiða sér út arð.